

8 6. marz	Fyrir útfyllingu í bækur	kr. 0,40 fyrir bókina
	— útfyllingu í skrár	— 0,15 fyrir manninn
	— aðstoð lögskráningarstj. við reikningsgerð samkv. 16. og 17. gr. ofangreindra laga	— 5,00

Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur. Gjald fyrir aðstoð við reikningsgerð greiðir sá, er hennar óskar, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanns.

Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í rikissjóð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

9
13. marz

AUGLÝSING

um staðfestingu ráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26, 8. september 1931 um breyting á lögum nr. 18, 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á götu, torgi, bryggju, við samkomuhúsdyr eða annars staðar þar sem almenningur fer um, þá skulu menn haga sér eftir fyrir-mælum hreppstjóra (lögregluvaldsins).

3. gr.

Á götum eða annars staðar þar sem almenningur fer um í kaupúninu má ekki fljúgast á, hrópa, kalla, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða, — eða óstjórnlegt háttalag, sem raskar friði og allsherjarreglu eða ónáðar á einhvern hátt, þá sem í nánd búa.

4. gr.

Enginn má ástæðulaust berja á dyr, glugga, eða utan húsvegg, hringja dyrabjöllum, eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

9

13. marz

5. gr.

Enginn má skjóta úr byssu eða öðrum skotvopnum yfir götu eða á svæði sem almenningur fer um, ekki heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni, eða öðrum sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, snjókulum, slori, eða öðru er tjóni getur valdið, eða óþægindum, þeim er um fara.

6. gr.

Á fjölförnum götum má ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum, skiðum, eða sleðum, eða hafa um hönd aðra leiki sem hindra umferðina. Sömu leiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum, eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá nokkuð það, sem til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Á götum eða almannafæri má ekki hengja upp eða setja neitt það, sem tálmað getur umferð manna. Við götur má eigi heldur setja tunnur, kassa, handvagna, eða annað það er hindrað getur umferð, eða valdið óþrifnaði. Ekki má gera skurði í götur eða gangstéttir kaupþingsins nema með samþykki hreppsnefndar.

8. gr.

Þeir sem ríða eða aka um götur kaupþingsins, hvort heldur með hestum eða bifreiðum, skulu gæta allrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, og þar sem götur eru mjóar og umferð og þrengsli mikil.

Ríðandi menn, vagnstjórar og bílstjórar, skulu í tæka tíð gera aðvart þeim sem á undan ganga. Menn sem mætast á götu hvort sem þeir eru ríðandi, gangandi, hjólandi, eða akandi, víki til vinstri handar hvor fyrir öðrum.

9. gr.

Á mjóum götum og bryggjum, þar sem mikið er notað af handvögnum, skulu öikumenn bifreiða og hestvagna, gæta þess, að haga ferðum sínum þannig, að umferð stöðvist eigi né truflist um of. Á sérstökum akvegum fyrir handvagna, skal þeim ætíð skylt að víkja, sem laust farartæki hefir.

10. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin, á tímabilinu frá 1. sept. til 14. maí, og kl. 11 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

9

13. marz

11. gr.

Það er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun á almannaþæri svo sem með því að viðhafa öläðislæti eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap, ósæmi-
leg orð eða látbragð. Ennfremur að ganga dulklæddur, fletta sig klæðum, eða
gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv.

Þá menn er sökum öläðis hafa í frammi hávaða á almannaþæri, með hrópi
köllum eða sýna af sér óskunda á einhvern hátt, svo sem með höggum eða bar-
smíði má taka fasta, og skulu þeir sæta sektum samkv. reglugerð þessari, fyrir
röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkju-
skap sínum og ólátum.

12. gr.

Hreppstjóri (lögregluvaldið) getur krafði sér til aðstoðar, hvern þann full-
tíða karlmann, sem nærstaddur er, til að afstýra óspektum, eða annari óreglu á
almannaþæri, og eru allir skyldir að hlýða því boði, en heimting eiga menn á
fullum bótum úr sveitarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að verða fyrir á fatnaði
eða limum, en sveitarsjóður á heimtingu á endurgreiðslu frá þeim sem óspekt-
unum valda.

13. gr.

Enginn má á nokkurn hátt skemma eignir kaupsins, hvort heldur vegi,
vatnsból, rafáhöld, rafþræði, eða byggingar, sem ætlað er til almenningsnota.

14. gr.

Enginn má á nokkurn hátt spilla nokkrum eignum kaupsins. Það er og
bannað að klifra yfir eða fara í gegnum girðingar þær er standa um afgirta garða,
reiti eða tún, nema með leyfi eiganda.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, mat-
jurtagörðum eða skrudgörðum, hvort sem girt er eða ógirt.

15. gr.

Þau hús sem kunna að hafa á hendi veitingasölu, mat, drykk eða gistingu
fyrir almenning, skulu háð sérstöku eftirliti hreppstjóra (lögregluvaldsins), og
er húsráðanda skylt að sjá um allt fari fram í húsi hans í góðri reglu.

Slíkum húsum skal lokað eigi síðan en kl. 11 að kvöldi.

16. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleika, dansleika, hlutaveltu, myndasýningu,
söngskemmtun, fyrirlestra eða aðrar opinberar skemmtanir nema með leyfi
hreppstjóra (lögregluvaldsins) og greiði eftir ákvæðum hans í hvert sinn gjald í
sveitarsjóð 10 til 50 krónur og ber húseigandi ábyrgð á gjaldinu. Undanskildar
gjaldi þessu eru þó skemmtanir sem haldnar eru í góðgerðarskyni. Við hverja
slíka skemmtun skal leyfishafi skyldur að hafa einn eftirlitsmann sem hreppstjóri
samþykkir, er sjái um að skemmtunin fari sómasamlega fram.

17. gr.

Á opinberum samkomum mega áhorfendur eða áheyrendur ekki trufla samkomuna með hávaða eða öðru ósæmilegu látbragði, svo aðrir geti ekki notið þess sem fram fer.

9

13. marz

18. gr.

Kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í kaптúninu.

19. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrst og fremst fyrir Ólafsfjarðarkauptún og fyrir aðra hluta Ólafsfjarðarhrepps að svo miklu leyti sem við á.

20. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara sem almenn lög-reglumál.

21. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000,00 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Samþykkt þessi öðlast gildi 10. apríl 1933.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 13. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

um hleðslumerki skipa.

10

15. marz

Með því að Ísland hefir gengið að alþjóðasamþykkt, gerðri í London þann 5. júlí 1930, um hleðslumerki skipa, sem gekk í gildi 1. janúar þ. á., kunngerist hér með, að öll íslensk skip, sem eru í förum milli landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa alþjóða hleðslumerkjaskírteini samkvæmt tédri alþjóðasamþykkt.

Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eru undir 150 rúmlestum og skip, án tillits til stærðar, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða, ennfremur skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum.

Millilandaferð er talin ferð frá ríki, sem undirritað hefir greinda hleðslumerkjasmþykkt, til hafnar í öðru ríki eða gagnkvæmt.

Gömul skip — þ. e. skip, sem kjöluur er lagður að fyrir 1. júlí 1932 —, sem eru með hleðslumerkjum samkvæmt þágildandi ákvæðum, mega halda þeim.